
GÆÐAKERFI BYGG-KERFISINS



Hannarr

Síðumúla 1 - 108 Reykjavík - sími 5 333-900

www.hannarr.com

hannarr@hannarr.com

Efnisyfirlit

Liður	bls.
1. Inngangur	3
2. Uppbygginga gæðakerfanna	3
3. Að útbúa gæðakerfi	4
Gæðakerfi fyrirtækis	5
Gæðakerfi einstaklings	5
4. Eftirfylgni	6
5. Verkefni	7

Verkefni:

1. Að búa til gæðakerfi fyrirtækis
2. Að nota gæðakerfi fyrirtækis
3. Að búa til gæðakerfi einstaklings
4. Að nota gæðakerfi einstaklings

2.

Lýsing á gæðakerfum BYGG-kerfisins

31-12-14

1. Inngangur

Gæðastjórnun felst í að tryggja að vörur og þjónusta uppfylli væntingar og kröfur viðskiptavina sem og aðrar kröfur sem gerðar eru, t.d. í lögum og í reglugerðum.

Hér er sagt frá hvernig gæðakerfi BYGG-kerfisins eru unnin og hvernig þeim er fylgt eftir.

Fimm gerðir af gæðakerfum eru í BYGG-kerfinu og er uppbygging þeirra í öllum tilvikum eins, á meðan innihaldið er mismunandi eftir notendum. Gæðakerfin geta þó orðið mun fleiri eða jafnmörg og aðilarnir sem nota þau í viðkomandi verki. Þannig geta hönnuðir t.d. verið arkitektar, verkfræðingar burðarvirkis, lagna osfrv. og svipað á við um meistara.



Gæðakerfin eru annað hvort gæðakerfi fyrirtækis, eða gæðakerfi einstaklings. Ef um er að ræða gæðakerfi fyrirtækis, þá vinna starfsmenn fyrirtækisins undir því gæðakerfi, enda hafi þeir réttindi til þess. Fyrirtækinu ber þá að senda Mannvirkjastofnun lista yfir þá starfsmenn sem vinna undir gæðakerfi þess og þá undir hvaða gæðakerfi þeir vinna.

Notendur BYGG-kerfisins fá tillögur að þessum gæðakerfum í BYGG-kerfinu. Þeir geta nýtt sér þessar tillögur og gert þær að sínum, eða breytt þeim. Þeir verða þó ætíð færa inn sínar persónulegu upplýsingar, svo sem varðandi menntur og reynslu. Eftir að búið er að færa inn þær upplýsingar og/eða breytingar sem notandi vill gera og þar með kennitölu sína eða fyrirtækisins, þá gildir gæðakerfið þannig um þau verk sem notandinn vinnur við eftir það, þ.e. það sem stendur í þrepi 1, í flokkum A og B. Hugsanlegar sérkröfur í flokki C fylgja ekki sjálfkrafa, enda gilda þær fyrir einstök verk ef þær eru einhverjar og eru á milli verkkaupa og þess sem er með gæðakerfið.

Við ætlum hér að segja frá gæðakerfi hönnuða, en hefðum eins getað sagt frá gæðakerfi hönnunarstjóra, byggingarstjóra eða iðnmeistara. Gæðakerfi verktaka er hins vegar ekki lagt fyrir Mannvirkjastofnun til samþykktar og fellur því ekki undir þessa lýsingu.

2. Uppbygging gæðakerfanna

Uppbygging gæðakerfanna er þannig að þeim er skipt upp í tvö þrep og hvoru þrepi í þrjá sambærilega flokka.


Gæðakerfi BYGG-kerfisins kallast Gæðahandbækur viðkomandi greina.

Fyrra þrep gæðahandbókarinnar er gæðakerfið sjálft og það síðara er til að fylgja gæðakerfinu eftir í hverju verki.

Gæðahandbókin er lögð fyrir Mannvirkja-stofnun til samþykktar og eftir samþykki stofnunarinnar gildir hún fyrir öll verk notandans þar til henni er breytt og samþykkt að nýju. Þetta gæðakerfi er hér nefnt Almennt gæðakerfi viðkomandi hönnuðar og bundir þeirri kennitölu sem það er skráð undir í fyrsta skipti. Ekki er hægt að skrá fleiri en eitt gæðakerfi undir sömu kennitölu.

Breytingar á gæðakerfinu geta verið gerðar að frumkvæði hönnuðar og þarf hann þá að leggja breytt gæðakerfi fyrir Mannvirkjastofnun til samþykktar.

Seinna þrep gæðahandbókarinnar er notað við að fylgja gæðakerfinu eftir. Þar skráir hönnuður það sem gæðakerfið gerir ráð fyrir að sé skráð á hönnunartíma og einnig athugasemdir verkkaupa og Mannvirkjastofnunar við notkun gæðakerfisins í hverju verki, ef þær eru einhverjar.



Bæði gæðakerfið sjálft og eftirfylgni þess skulu vera aðgengileg til eftirlits á vegum Mannvirkjastofnunar eða aðila á vegum stofnunarinnar á meðan á hönnun stendur. Það á hins vegar ekki við um gæðakerfi verktaka eins og áður er sagt.

FLOKKARNIR:


Flokkar gæðahandbókarinnar eru þrír eins og áður var nefnt og skal fá samþykki Mannvirkjastofnunar fyrir tveimur fyrri flokkunum, þ.e. flokkum A og B, á meðan flokkur C er fyrir sérkröfur verkkaupa í verkinu, ef þær eru einhverjar. (Sjá nánari lýsingu á flokkunum hér á eftir).

3. Að útbúa gæðakerfi

Fyrsta skref væntanlegs notanda gæðakerfisins er að búa sér til gæðakerfi. Það þarf að gera á þann hátt að það þjóni sínu hlutverki, þ.e. að það tryggji gæði verksins og uppfylli kröfur Mannvirkjastofnunar og verkkaupa.

Þeir sem nota BYGG-kerfið fá í hendur tillögu að slíku gæðakerfi, uppsettu og með þeim þáttum sem gæðakerfið á að innihalda. Þessi tillaga hefur verið lögð fyrir eftirlitsaðila Mannvirkjastofnunar sem hefur mælt með gæðakerfinu.

Eftir að notandi hefur skráð gæðakerfi sitt þá kemur það sjálfkrafa upp næst þegar notandi skráir sig í verki fyrir gæðakerfi af sömu gerð. Einnig koma sjálfkrafa fram grunnupplýsingar þess verks, sem þá hafa verið færðar í kafla „1.1 Yfirlit yfir verkið“.



Gengið er hér út frá því að um sé að ræða hönnuð. Hann velur kafla 1.5 Hönnun og þar velur hann þann hönnuð sem við á, aðalhönnuð, burðarþolshönnuð o.s.frv. og fær þar tillögu að gæðakerfi sem hann getur nýtt sér við að útbúa gæðakerfi fyrir sig. Í reitnum „Tegund gæðakerfis“ er merkt við hvaða grein er um að ræða (ef það kemur ekki fram) og hvort um sé að ræða gæðakerfi fyrirtækis eða einstaklings.

Hægt er hvenær sem er að fletta upp á leiðbeiningum, ef notandinn er óviss um hvernig eigi að vinna með gæðakerfið og einnig að horfa á video sem eru á heimasíðu Hannarrs undi nafninu „Tölvukerfi – myndbönd“.

Þegar farið er inn á gæðakerfið kemur upp tillaga að gæðakerfi, eins og nefnt var hér á undan sem hönnuðurinn getur notað. Hér er ákveðið hvort skrá skal gæðakerfið sem gæðakerfi fyrirtækis eða einstaklings, en það getur ekki gilt fyrir báðar gerðirnar og má sjá ástæðuna fyrir því hér á eftir.

GÆÐAKERFI FYRIRTÆKIS:

Þegar fyrirtæki stofnar gæðakerfi sín þá liggur ekki fyrir hver verður hönnuður, byggingastjóri o.s.frv. Nafn fyrirtækisins þarf að skrá á þeim tíma í gæðakerfið og lýsingu á gæðakerfinu, en ekki nafn þeirra einstaklinga sem koma til með að vinna undir gæðakerfunum eða upplýsingar um þeirra réttindi. Og auðvitað ekki þau verk sem unnin verða undir gæðakerfunum eftir að þau hafa verið stofnuð. Færð er inn dagsetning og opnað á aðgang Mannvirkjastofnunar og er kerfið þá tilbúið til að leggja það fyrir Mannvirkjastofnun til samþykktar.

Þegar verk eru stofnuð á vegum fyrirtækis þá eru þau skráð á eftirfarandi hátt í gæðakerfinu, eftir að búið er að stofna verkið:

Skráð er inn kennitala fyrirtækisins, og nær kerfið þá í nafn fyrirtækisins og samþykkt gæðakerfi þess, ef það er til. Þar næst er nafn þess einstaklings skráð sem á að vinna undir gæðakerfinu og kennitala hans.

Í reitnum „Grunnupplýsingar“ birtast grunnupplýsingar um verkið, en þær eru færðar inn undir kafla „1.1 Yfirlit yfir verkið“. Í reit A-2 í gæðakerfinu eru síðan færðar inn upplýsingar um hæfni og réttindi þess einstaklings sem á að vinna undir gæðakerfinu. Gæðakerfi þetta er þó ætíð á ábyrgð fyrirtækisins.

GÆÐAKERFI EINSTAKLINGS:

Þegar einstaklingur stofnar gæðakerfi sín/sitt þá liggur hins vegar fyrir hver hann er og hvaða starfi hann gegnir (hönnuður, byggingastjóri o.s.frv.). Hann skráir því inn nafn sitt í gæðakerfið og lýsingu á gæðakerfinu og þar með upplýsingar um hæfni sína og réttindi sín í reit A-2 í gæðakerfinu. Færð er inn dagsetning og opnað á aðgang Mannvirkjastofnunar og er kerfið þá tilbúið til að leggja það fyrir Mannvirkjastofnun til samþykktar.

Þegar verk eru stofnuð á vegum einstaklings þá eru þau skráð á eftirfarandi hátt í gæðakerfinu, eftir að búið er að stofna verkið:

Skráð er inn kennitala einstaklingsins, og nær kerfið þá í nafn og samþykkt gæðakerfi hans, ef það er til. Í reitnum „Grunnupplýsingar“ birtast grunnupplýsingar um verkið, en þær eru færðar inn undir kafla „1.1 Yfirlit yfir verkið“.

Gæðakerfi þetta er ætíð á ábyrgð einstaklingsins.

Þetta er gert í „þrepi 1“. Á meðan reynsla af notkun gæðakerfisins er skráð í „þrepi 2“.

Allar breytingar frá samþykktu gæðakerfi þarf að leggja fyrir Mannvirkjastofnunina til samþykktar, nema þær sem flokkast undir sérkröfur verkkaupa í flokki C, enda hafi þær ekki áhrif á lýsingu í flokkum A og B í gildandi gæðakerfi.

Færð er inn dagsetning gæðakerfisins og merkt við hvort um sé að ræða gæðakerfi fyrirtækis eða einstaklings, nafn og kennitala. Þegar notandi vinnur að verki sem heyrir undir kröfur mannvirkjalaga um gæðakerfi, þá hakar hann við í reit sem er til þess gerður að veita Mannvirkjastofnun eða eftirlitsaðila stofnunarinnar, aðgang að gæðakerfinu til eftirlits. Þessum aðgangi stjórnar hönnuður.

Fletta má upp í leiðbeiningum yfir notkun gæðakerfisins til nánari upplýsinga.

Í flokki A og B eru þeir þættir sem eiga að vera í gæðakerfinu samkvæmt Mannvirkjalögum og byggingarreglugerð og í yfirskrift hvers þeirra kemur fram hvað þar er fjallað um.

Munurinn á þessum tveimur flokkum er sá að þættir í flokki A, ásamt fylgigögnum, eru eingöngu í gæðakerfinu, á meðan fylgigögn í flokki B eru aðallega vistuð í BYGG-kerfinu sjálfu, en vísað í hvar þau eru þar. Þetta er gert til að vera ekki með sömu gögnin á fleiri en einum stað í BYGG-kerfinu, sem sparar vinnu, og gagnapláss og eykur öryggið í meðferð gagnanna.

Ekki er útilokað að verkkaupi geri viðbótar gæðakröfur til hönnuðarins, sem ekki koma fram í þessum flokkum gæðakerfisins, þ.e. í flokkum A og B. Ef svo er þá eru slíkar kröfur færðar undir flokk C, eftir að hönnuður hefur samþykkt þær.


Kröfur í flokki C mega ekki hafa áhrif á þær kröfur sem Mannvirkjastofnun hefur áður samþykkt í flokkum A og B.

Að þessu loknu þá er gæðakerfið samþykkt af verkkaupa og hönnuði, með eða án viðbótar í flokki C, og er þannig hluti af samningi þeirra um verkið.

4. Eftirfylgni

Eftirfylgni gæðakerfanna fer fram í „þrepi 2.“ í gæðakerfinu, á meðan á verki stendur og fer þannig fram að hönnuður skráir þar það sem gæðakerfið gerir ráð fyrir að sé skráð um framgang og reynslu af því. Verkkaupi fylgist með að hverjum þætti gæðakerfisins sé framfylgt á þann hátt sem samþykkt gæðakerfi segir til um og gerir við það athugasemdir, ef og þar sem hann telur ástæðu til. Athugasemdirnar eru skráðar við hvern þátt gæðakerfisins í þessu þrepi, en þættirnir eru þeir sömu og í „þrepi 1.“ Þarna má einnig taka inn gögn sem snerta viðkomandi þátt.

Lög 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012 gera kröfu um þessa eftirfylgni.



Gert er ráð fyrir að verkkaupi taki strax upp við hönnuð, frávik sem upp koma við framkvæmd gæðakerfisins, í þeim tilgangi að á þeim sé ráðin bót eða að tekið sé á þeim á annan þann hátt sem samningar gera ráð fyrir.

Viðbótargögn sem hafa bæst við gæðakerfið á hönnunartíma í flokki A og B, skal taka inn í gæðakerfið í sambærilega þætti í „prepi 2.“

Eftirlitsaðilar á vegum Mannvirkjastofnunar skulu hafa aðgang að gæðastjórnunarkerfum hönnuða, hönnunarstjóra, byggingarstjóra og iðnmeistara, til reglulegra úttekta, eins og segir í verklagsreglum Mannvirkjastofnunar um skoðun þessara gæðastjórnunarkerfa. Þessar úttektir geta leitt til ábendinga eftirlitsaðila um að eitthvað sé áfátt, eitthvað þurfi lagfæringar við innan tiltekis tímafrests eða til kröfu um tafarlausrar lagfæringar.

Prenta má út gæðkerfið hvenær sem er. Síðasta færsla í gæðakerfinu skal sýna framkvæmdina í verklok og innihalda öll fylgiskjöl sem máli skipta á þeim tíma og sem nefnd eru í kerfinu.

5. Verkefni

Hér eru sett upp fjögur verkefni til að auðvelda notendum annars vegar að útbúa gæðakerfi í BYGG-kerfinu og að fylgja þeim eftir hins vegar. Áður en hafist er handa við þetta þá þarf viðkomandi að vita hvernig hann fer inn í BYGG-kerfið og hvar og hvernig hann finnur gæðakerfið í BYGG-kerfinu. Leiðbeiningar um þetta er að finna í Notendaleiðbeiningum BYGG-kerfisins, sjá t.d. „Skoða nánar“ við merki BYGG-kerfisins á heimasíðau Hannarrs.

Til að auðvelda þetta við lausn eftirfarandi verkefna eru hér settar inn eftirfarandi leiðbeiningar. Búið er á þessu stigi að úthluta viðkomandi notanda aðgagnsorðum að BYGG-kerfinu:

- Velja BYGG-merkið á heimasíðu Hannarrs (hannarr.com) til fara inn í BYGG-kerfið
- Velja Innskráningu á síðunni „Velkomin í BYGG-kerfið“.
- Færa inn „Notendanafn“ og „Lykilorð“ og velja „Innskráning“

Þar með er notandinn kominn inn í BYGG-kerfið og getur þá unnið þar allt sem kerfið býður upp á og þar með gæðakerfin sem þar eru.

VERKEFNI 1

AÐ BÚA TIL GÆÐAKERFI FYRIRTÆKIS:

- Velja skipunina „Stofna verk“ til að stofna eigið verk og gefa verkinu heiti. Á þessu stigi er verið að stofna gæðakerfi fyrirtækisins sem á að gilda fyrir öll verk sem unnin eru á þess vegum af viðkomandi gerð. Gott er að nefna þetta gæðakerfi t.d. á þann hátt að nafn fyrirtækisins komi fyrst og orðið gæðakerfi þar á eftir. Dæmi: Hannarr ehf. - gæðakerfi
- Þegar innfærslan hefur verið samþykkt (ok) þá birtist kafli „1.1. Yfirlit yfir verkið“. Þar er ekkert skráð, heldur farið beint í kafla 1.5 Hönnun, ef verið er að útbúa gæðakerfi hönnuðar (annars yfir í kafla 1.6 Hönnunarstjóri, í kafla 3.1 Byggingarstjóri eða í kafla 3.2 Iðnmeistarar).
- Þar þarf að velja „Gæðakerfi og teikningar“ viðkomandi hönnuðar og birtist þá gæðakerfi hönnuðar, uppsett og með tillögu að slíku kerfi. Uppsetningunni verður ekki breytt, en tillögunni má breyta að vild að öðru leyti. (skref þessi eru einum færri hjá Hönnunarstjóra og Byggingarstjóra).
- Verkefni 1 er að klára að útbúa til gæðakerfi fyrirtækis.

VERKEFNI 2

AÐ NOTA GÆÐAKERFI FYRIRTÆKIS:

- Eftir samþykki Mannvirkjastofnunar á gæðakerfi fyrirtækisins þá gildir það fyrir þau verk sem eru unnin á vegum fyrirtækisins (þar til fyrirtækið óskar hugsanlega eftir breytingum á samþykktu gæðakerfi).
- Fyrirtækið sendir Mannvirkjastofnun tilkynningu um þann eða þá starfsmenn sem það hyggst láta starfa undir gæðakerfi sínu og greinir um leið frá starfsréttindum þeirra og öðrum persónulegum upplýsingum sem liggja þurfa fyrir og Mannvirkjastofnun getur borið saman við eigin upplýsingar.
Þetta getur fyrirtækið t.d. gert um leið og það skráir byggingarleyfisskylt verk í BYGG-kerfinu og gerir það þannig að það opnar eftirlitsaðgang Mannvirkjastofnunar að gæðakerfi verksins og sendir um leið tilkynningu til stofnunarinnar um að það hafi verið gert. Samþykki Mannvirkjastofnunar þarf að liggja fyrir um að tilkynna megi þessa starfsmenn á þennan hátt, annars þarf að gera það á þann hátt sem stofnunin segir til um.
- Verkefni 2 er að klára að sýna þessa útfærslu og sýna hvernig skráning er útfærð í gæðakerfi viðkomandi verks.

VERKEFNI 3

AÐ BÚA TIL GÆÐAKERFI EINSTAKLINGS:

- Velja skipunina „Stofna verk“ til að stofna eigið verk og gefa verkinu heiti. Á þessu stigi er verið að stofna gæðakerfi sem á að gilda fyrir öll verk sem unnin eru á vegum viðkomandi aðila. Gott er að nefna þetta gæðakerfi t.d. á þann hátt að nafn viðkomandi komi fyrst og orðið gæðakerfi þar á eftir. Dæmi: Jón Jónsson, kt. 000000-0000 - gæðakerfi
- Þegar innfærslan hefur verið samþykkt (ok) þá birtist kafli „1.1. Yfirlit yfir verkið“. Þar er ekkert skráð, heldur farið beint í kafla 1.5 Hönnun, ef verið er að útbúa gæðakerfi hönnuðar (annars yfir í kafla 1.6 Hönnunarstjóri, í kafla 3.1 Byggingarstjóri eða í kafla 3.2 Iðnmeistarar).
- Þar þarf að velja „Gæðakerfi og teikningar“ viðkomandi hönnuðar og birtist þá gæðakerfi hönnuðar, uppsett og með tillögu að slíku kerfi. Uppsetningunni verður ekki breytt, en tillögunni má breyta að vild að öðru leyti. (skref þessi eru einum færri hjá Hönnunarstjóra og Byggingarstjóra). Hér þarf umsækjandinn að lágmarki að færa inn sínar persónulegu upplýsingar svo sem um starfsréttindi sín og láta fylgja umsókn sinni ljósrit af þeim upplýsingum þeim til staðfestingar.
- Verkefni 3 er að klára að útbúa til gæðakerfi einstaklings.

VERKEFNI 4

AÐ NOTA GÆÐAKERFI EINSTAKLINGS:

- Eftir samþykki Mannvirkjastofnunar á gæðakerfi einstaklingsins þá gildir það fyrir þau verk sem eru unnin á vegum hans (þar til hann óskar hugsanlega eftir breytingum á samþykktu gæðakerfi).
- Þetta getur einstaklingurinn t.d. gert um leið og það skráir byggingarleyfisskylt verk í BYGG-kerfinu og gerir það þannig að það opnar eftirlitsaðgang Mannvirkjastofnunar að gæðakerfi verksins.
- Verkefni 4 er að klára að sýna þessa útfærslu og sýna hvernig skráning er útfærð í gæðakerfi viðkomandi verks.